

***BORGARRÁÐ 25. nóvember 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hugmyndafræði við hönnun leikskóla - R21110270***

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að hönnun nýrra leikskóla byggji á hugmyndafræði um bæði algilda hönnun og hönnun sem hverfist um arkitektúrinn og rýmisgildi þannig að rými tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Einnig er lagt til að skoðað verði með hvaða hætti væri hægt að breyta eldri leikskólum með ofangreinda hugmyndafræði að leiðarljósi sem myndi stuðla að samnýtingu og samkenndu í auknum mæli. Leikskólar eru mismunandi í þessu tilliti. Algild hönnun og hönnun leikskóla almennt séð getur skipt máli fyrir ótal margt í starfi leikskólanna t.d. hvernig starfsfólk nýtir krafta sína í umsjón, eftirliti og leik með börnunum. Í leikskóla þar sem hönnun hefur tekist vel segir starfsfólk að áhrif undirmönnunar eru minni vegna þess hvernig rýmin eru uppbyggð og hægt er að hafa góða yfirsýn. Að vinna við krefjandi störf í illa hönnuðu húsi er mannskemmandi. Heilsu fólks er ekki aðeins ógnað heldur einnig góðum starfsmannaanda.

**Greinargerð:**

Dæmi um hönnun sem hér er lýst:

- 1) Öll starfsmannaklósett eru inni kennslustofum nemenda.
- 2) Fatahengi barna í inni kennslustofu barna.
- 3) Hver kennslustofa hefur sér útihurð til að komast að leikvellingum.
- 4) Sameign þarf að vera hönnuð þannig að starfsmenn hafi ávallt yfirsýn yfir börnin.